

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Vt. Kristófer Tómasson
Árnesi
801 Selfoss



Gunnarsholt 13.11 2019

Efni: Beiðni um styrk vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið á árinu 2019.

Frá árinu 1990 hefur Landgræðslan verið í samstarfi við fjölmarga bændur um uppgræðslu á gróðursnaðum svæðum á heimalöndum þeirra í verkefninu Bændur græða landið (BGL). Samstarfið felst í að Landgræðslan styrkir þátttakendur til áburðarkaupa, leggur til fræ og veitir faglega ráðgjöf við uppgræðslu landsins en landeigendur sjá um allar verklegar framkvæmdir vegna þessa.


Ávinningur samstarfsins er margþættur. Fyrst má nefna að bændur hafa stöðvað gróður- og jarðvegsrof á þúsundum hektara lands undir merkjum verkefnisins og vistkerfi þessara röskuðu svæða að sama skapi verið byggð upp á ný. Þannig hefur verkefnið breytt ásýnd heilu sveitanna til hins betra, bætt beitarnýtingu úthaga, stuðlað að aukinni gróðurvernd og byggt upp öflugt tengslanet milli bænda og Landgræðslunnar. BGL stuðlar að aukinni kolefnisbindingu sem er einn af stóru áherslunum í aðgerðaráætlun Ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum.

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi voru 4 þátttakendur í verkefninu árið 2019. Þeir báru á 4,8 tonn af áburði á um 24 ha lands. Framlag Landgræðslunnar til áburðarkaupa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi var á árinu 2019 kr. 264.900,-. Landgræðslan telur þetta samstarfsverkefni eitt af sínum mikilvægari verkefnum og leitar því fjárstuðnings Skeiða- og Gnúpverjahrepps við það. Stuðningur sveitarfélaga við verkefnið er mjög mikilvægur þar sem hann styrkir viðgang þess og eykur líkur á aðkomu fleiri bænda og annarra landeiganda að landbótum. Undanfarin ár hafa mörg sveitarfélög í landinu lagt verkefninu lið með fjárframlögum.

Landgræðslan fer þess vinsamlega á leit við Skeiða- og Gnúpverjahrepp að BGL verkefni ársins 2019, hljóti fjárstuðning. Óskað er eftir 6.000,- kr. framlagi á hvern þátttakanda í sveitarfélaginu, alls **24.000,- kr.**

Ef frekari gagna um verkefni Landgræðslunnar á svæðinu er óskað, þá vinsamlegast hafið samband við neðangreindan héraðsfulltrúa.

Viirðingarfyllst,
f. h. Landgræðslunnar


Garðar Þorfinnsson
Héraðsfulltrúi